



Reykjavík, 2. júní 2025

IER24050011

IÓ/KHV

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Staða úttektar IER á samningaviðræðum um bensínstöðvalóðir í Reykjavík

Á fundi borgarstjórnar dags. 7. maí 2024 var samþykkt að fela Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar (IER) að framkvæma úttekt á aðdraganda og fyrirkomulagi samningaviðræðna borgarinnar við rekstraraðila og lóðarhafa eldsneytisstöðva í Reykjavík. Samningaviðræðurnar fóru fram í kjölfar samþykktar borgarráðs frá 9. maí 2019 um fækkun bensínstöðva í borginni.

IER tilkynnti um upphaf úttektar með bréfi til borgarritara, dags. 11. júní 2024, og hófst þá undirbúningur hennar. Í úttektarteymi IER eru Trausti Fannar Valsson, dósent í stjórnsýslurétti, Víðir Smári Petersen, prófessor í fjármunarétti við lagadeild Háskóla Íslands, og Sigríður Guðmundsdóttir, sjálfstætt starfandi innri endurskoðandi, sem ráðgjafi. Með teyminu starfar einnig Finnur Marteinn Sigurðsson, lögfræðingur.

Borgarritari er tengiliður úttektarinnar og ber sem slíkur ábyrgð á að tryggja IER aðgang að gögnum og starfsfólki, auk þess að upplýsa aðra aðila eftir atvikum. IER tilkynnti borgarritara um verkáætlun úttektarinnar með bréfi dags. 10. september 2024. Með þeirri tilkynningu fylgdi beiðni um upplýsingar og frumgögn. Við upphaf vinnunnar var kallað eftir gögnum og nánari upplýsingum frá starfsfólki Reykjavíkurborgar. Verulegar tafir urðu á afhendingu gagna, sem skýrðust af langtímaveikindum og miklu álagi hjá starfsfólki. Gagnaskil fóru að mestu fram á tímabilinu október–desember 2024.

Á úttektartímanum reyndist nauðsynlegt að breyta verkáætlun IER tvisvar sinnum. Borgarritara var tilkynnt með bréfi dags. 19. desember 2024 að tímaáætlun hefði breyst vegna umfangs gagna og tafa á gagnaskilum. Upphaflega var gert ráð fyrir kynningu á lokaskýrslu í febrúar 2025, en uppfærð áætlun miðaði við apríl. Þann 20. mars 2025 var borgarritara tilkynnt um að frekari tafir hefðu orðið og að skil á lokaskýrslu yrðu í maí 2025.

Umsagnarferli úttektar er mikilvægur þáttur í að tryggja gæði og faglegan frágang lokaskýrslunnar. Skýrsludrög voru kynnt á lokafundi með borgarritara 9. apríl 2025 og send eftirfarandi aðilum til umsagnar 10. apríl, með fresti til 7. maí 2025 (14 virkir dagar):

- Dagur B. Eggertsson, fyrrverandi borgarstjóri
- Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari, og Ívar Örn Ívarsson, teymisstjóri á SBB
- Ólöf Övarsdóttir, sviðsstjóri USK, og Haraldur Sigurðsson, sviðsstjóri aðalskipulags og loftslagsmála, formaður samninganefndar
- Ebba Schram, borgarlögmaður, og Þórhildur Lilja Ólafsdóttir, lögfræðingur og fulltrúi í samninganefnd



- Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri FAS, og Óli Jón Hertervig, skrifstofustjóri eignaskrifstofu og fulltrúi í samninganefnd
- Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjórnar, fékk skýrsludrögin til umsagnar að beiðni borgarritara, þar sem hún var einn viðmælenda í úttektinni (staðfest 6. maí 2025)

Í umsagnarferlinu bárust þrjár beiðnir frá borgarritara fyrir hönd umsagnaraðila um framlengda fresti til að skila athugasemdum við skýrsludrögin:

- 30. apríl 2025 var óskað eftir fresti sem var veittur til 14. maí.
- 10. maí var óskað eftir fresti til 31. maí en þar sem úttektarteymið var ekki tiltækt í júní og júlí var fresturinn framlengdur til hádegis 21. maí. Þá var boðað til aukafundar í endurskoðunarnefnd 2. júní.
- 20. maí var óskað aftur eftir fresti til 31. maí en þess í stað var haldinn fundur 26. maí með borgarritara, samninganefnd og úttektarteymi þar sem farið var yfir helstu athugasemdir og ákveðið að umsagnaraðilar myndu skila skriflegum athugasemdum strax að loknum fundi, sem var gert, og afla viðbótargagna í sömu viku.

Vegna seinkunar á skilum á athugasemdum og við yfirferð á þeim er ljóst að fresta þarf gerð lokaskýrslu fram yfir sumarleyfistíma. Í ljósi þess hefur tímaáætlun úttektar því verið endurskoðuð. Gert er ráð fyrir að endurskoðuð skýrsludrög verði send að nýju til umsagnar í lok júní, frágangur lokaskýrslu fari fram í ágúst og að niðurstöður IER verði kynntar í endurskoðunarnefnd og borgarráði í september 2025.

Að lokum skal þess getið að undirrituð átti fund með forseta borgarstjórnar, formanni borgarráðs og formanni endurskoðunarnefndar þann 27. maí sl. þar sem farið var yfir gang mála og þau upplýst um uppfærða tímaáætlun úttektar.

Virðingarfyllst,

Ingunn Ólafsdóttir

starfandi innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

Samrit:

Endurskoðunarnefnd